

Landsfundus kl.
20 Lýsuhóli 2-6 nr.
1988

1

ÁRSTARF KVENNALISTANS Á VESTFJÖRDUM
SKÝRSLA. 1988 5 nóvember

Ársstarf angans hófst með góðum fyrirheitum, við gáfum út fréttabréf 16. janúar, m.a. til að kynna fund á Ísafirði með þeim Kristínu Einarsdóttur og Sigríði Lilly Baldursdóttur (sem þá var varakona Þórhildar á Alþingi). Þá strax erum við farnar að ræða útgáfu blaðs angans sem ekki er komið út enn, og er það til háborinnar skammar. Vist er að ekki skortir okkur efni í blaðið m.a. höfum við grein eftir Sigurbjörgu Ásgeirsdóttur á Víghóla-
Samskipanaleila
stöðum um tögstreitu í ~~samskiptum~~ ~~aleika~~ langskólagenginna kvenna og kvenna án langskólagöngu - orð í tíma töluð það. Einnig tókum við viðtal við Sigfríði Hallgrímsdóttur fiskvinnslukonu um ástand og horfur í fiskiðnaði og fjölmargt annað efni höfum við viðað að okkur. Hins vegar eigung við enga peninga til útgáfunnar og sennilega takmarkaðar frístundir. Peningamál angans eru okkur sjálfum að kenna, við gáfum út póstkort á árinu til að fjármagna fyrirtækið en höfum ekki haft döngun í okkur til að selja þau. Gíróseðla fyrir félagsgjöldum höfum við ekki enn sent út. Þannig má segja að botninn hafi dottið úr starfinu strax í upphafi árs og

eru peningamál og fáar frístundir alls ekki fullnægjandi skýringar á því. Eina mikilvæga ástæðu þessa tel ég vera starfshættina. Konur eru ekki síður - og kannski miklu frekar - en karlar óðfúsar að láta stjórna sér. Mér finnst vera gerðar miklar kröfur um fáa eða jafnvel einn sterkan stjórnanda sem ákvarðar hvað skuli gert, hvernig og hvenær. Þessi yfirráðaprá birtist víða t.d. held ég að konur af svokallaðri landsbyggð séu teljandi sem hafi séð ástæðu til að skrifa í málgagn kvennalistans VERU. Landsbyggða-angarnir þrá miðstýringu að sunnan, minni staðirnir á Vestfjörðum þrá miðstýringu frá Ísafirði, konur á Ísafirði þrá fáa eða einn sterkan stjórnanda. Ekki skal þó gert lítið úr því að hinir landfræðilegu þættir standa okkur á Vestfjörðum verulega fyrir þrifum; hve byggð er dreifð og samgöngur erfiðar. Þó síminn sé þarf tæki getur hann ekki komið í staðinn fyrir að hittast og ræða málín augliti til auglitis. Enginn má taka orð míni pannig að ég sé talsmaður miðstýringar, ég vil með þessu einungis leggja áherslu á að við verðum að sigrast á þessu ósjálfstæði eða ætti ég heldur að segja vanmáttarkennd gagnvart hvorri annarri og gagnvart landshlutum. Það er ekkert grund-

vallarskilyrði að hver angí gefi út blað - það er hins vegar nauðsynlegt að efla samstarf og samvinnu innan anga og milli anga. Við verðum að vera duglegri við að skipa okkur niður á málaflokka og varast að allt of mikil vinna leggist á alltof fáar herðar. Það er t.d. ærið verk að fara í gegnum væntanlega verka-skiptingu milli ríkis og sveitafélaga - það er jafnframt hættulegt að taka ekki afstöðu í svo mikilvægu máli sem þar er á ferðinni.

Málum er sem sagt þannig háttar að ef hægt er að tala um ein-hverja virkni í sambandi við Vestfjarðaangann þá á það einkum við um Ísafjarðarsveit hans og hefur hún staðið fyrir því sem gert hefur verið á árinu. Skal það tíundað hér á eftir: Nú, Kristín Einarsdóttir og Sigríður Lillý héldu fund með okkur á Ísafirði ^{þehrðar} 6. janúar og bar þar ýmislegt á góma svo sem matarskatturinn (þá nýálagður) þingstarfið, óhóflegt orkuverð viða á landinu. Sigr. Lillý sat þá í veitunefnd og þar var verið að ræða m.a. um hvernig ætti að verja hagnaði af hitaveitu Reykjavíkur. Aðrir opnir fundir á árinu hafa verið tveir og á þá kom Þórhildur Þorleifsdóttir, fyrst í júní en þá fræddi hún okkur um þingstörf

vetrarins og ýmislegt þeim tengt, síðan í september og þá voru efnahagsmálín í brennidepli enda ríkisstjórnin að því komin að springa á limminu. Tillögur kvennalistans (bréfið til Þorsteins) var aðalefni fundarins. Á þessum opnu fundum hafa verið nokkur brögð að því að nýjar konur skrifi sig inn í Kvennalistann og telst mér til að opinberir meðlimir í anganum séu nú á bilinu 80-90.

Guðrún Agnarsdóttir flutti aðalræðuna á 1. maí og var að sjálf-sögðu mikill fengur í komu hennar. Ekki má þó þakka anganum sem slíkum komu hennar - hann kom þar hvergi nærrí, heldur verkalyðsfélagið Baldur á Ísafirði.

Hins vegar hélt anginn 19. júní fund að beiðni kvenfélaga staðarins. Þessi beiðni kom kannski ekki til af einskærum áhuga kvenfélaganna heldur vegna þess að margar kvenfélagskonur voru staddir erlendis á kórferðalagi. Fundurinn var reyndar ágætur með tölum og ljóðalestri og liflegum umræðum og afbragðsgóðum kökum.
Að minnsta kosti fimm opinberar kvennalistakonur úr anganum fóru á Nordisk Forum og þegar þær komu til baka upplýstu þær okkur hinar um þá miklu kvennaráðstefnu.

Innan angans höfum við hist all oft og rætt margvisleg mál, ég

reikna með að fundir okkar sem af er árinu séu á bilinu 15 - 20

og hafa þeir verið mjög mis-fjölmennir, mest þó 12 - 15 manna.

Þegar ég fletti í gegnum fundargerðirnar sá ég að umræður um

byggðamál hafa borið hæst og þá f.o.f. umræða um fiskiðnað og

sjávarúteg. Það kemur því ekki á óvart að það eru einkum þessi

mál sem við leggjum áherslu á í tillögum okkar að endurskoðuðum

málefagnagrundvelli. Ofnýting fiskistofna, einhæfni í framleiðslu,

bruðl með hráefni og slælegt gæðaeftirlit eru mál sem við verðum

að leggja vinnu í að skoða og verða að taka á í næsta málefna-

grundvelli í ríkisstjórnarmyndunarviðræðum.

Það er hart til þess að vita hversu fólk sem vinnur við fiskiðnað

er neðarlega í virðingastiga samfélagsins, það er þó miklu meira

áberandi á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu. Við

vitum að ekkert breytist hægar en viðhorf, og ég óttast að við-

horfsbreyting til fiskvinnslufólks sé nauðsynleg forsenda þess að

fiskiðnaðurinn okkar verði fjölbreyttari og hráefnið betur nýtt.

Við þurfum auðvitað að taka á fleiri málum (og það er engin

afsökun að aðrir stjórnþálflokkar geri það ekki) Aðstöðumunur

landshluta er stórvægilegur og nægir hér að nefna orkukostnað og sérfræði- og læknispjónustu. Innri vandi sveitafélaga er svosom ekki minni. Samkeppni og sundrung milli byggðakjarna í sama landshluta er yfirþyrmandi. Ekki held ég t.d. að við Ísfirðingar höfum skilning á vanda smærri bygðalaga á sunnanverðum vestfjörðum. Við viljum allt gleypa og teljum að hagur okkar vænkist í þeim eftum með tilkomu jarðganga til Suðureyrar og Flateyrar. Ég er fylgjandi þessum göngum en held að það megi ekki dragast að ræða samvinnu og verkaskiptingu sveitafélaga sem þau ættu að gera mögulega, þarf t.d. að vera áætlunarflug á alla þessa staði þegar og ef jarðgöngin verða veruleiki.

Ef við víkjum aðeins að landbúnaði þá erum við allar sammála um að landnýting og landvernd verða að haldast í hendur, við eignum þó eftir að útfæra betur hvernig það skuli gert. Við verðum að halda því til streitu að þak verði sett á stærð búa, en verðum við ekki líka að beina sauðfjárrækt á þau landsvæði sem þola fleira sauðfé og fækka þeim annars staðar. Það hlýtur að vera sen samféluginu allt of dýrt að halda uppi kúabúskap á afskekktum sveitabýlum eins og | á Vestfjörðum, af hinum hefðbundnu land-

nötum líka þak við eyri
 zo seðja þak z hóldi hóz
 eru ekki m
trekkur en
rollur ósn
við grðu
landsring

búnaðargreinum hentar þar best að vera með sauðfjárrækt. Við verðum vissulega að vera með framleiðslustjórnun í landbúnaði ekkert síður en í sjávarútvegi. En á sama hátt og fiskikvóti skal vera settur á byggðalög í stað skipa, verður fullvirðisrétturinn í landbúnaði að vera bundinn við jarðir en ekki eign bónadans hvort sem hann er starfandi eða ekki. Aðeins þannig telur Ása Ketilsdóttir á Laugaveg ^{landi} í Skjalfannadal að við komust hjá braski með fullvirðisréttinn. Þetta fyrirkomulag gerði m.a. bændum kleift að skera niður bústofn sinn þegar árin færast yfir. Því jörðin ætti fullvirðisréttin áfram og nýliðar sem hugsanlega hefðu áhuga að taka við búinu fengju hann óskertan. Sú var tíðin að bændur og kaupfélögin áttu Sambandið en nú hefur dæmið snúist við. Sambandið á kaupfélögin og bændurna. Dæmin sýna og sanna að bændur eru nánast fangar Sambandsins og ætti hér að nægja að nefna Svalbarðseyrar- og Patreksfjarðarmálið því til staðfestingar. Ég nefni þetta hér því að þetta er kannski einn stærsti þátturinn í því að bæði sölumál og úrvinnsla sauðfjárafurða eru í megnasta ólestri. Sambandið virðist sjá sér hag í því að liggja með óunnar og óseldar birgðir kjöts til að fá tekjur af frysti-

geymslunni. (Máli mínu til stuðnings vísa ég til Guðbjargar Þorvarðardóttur dýralæknis í Strandasýslu). Allt þetta og sjálfsagt miklu fleira stendur landbúnaðinum fyrir þrifum og hygg ég að við kvennalistakonur verðum að taka á honum stóra okkar ef við viljum færa þessi mál í betra horf.

Einar Oddur Kristjánsson frá Flateyri hefur lýst þeirri skoðun sinni að engin byggðastefna hafi verið rekin í landinu um áratuga skeið, mér sýnist því miður að mikið sé til í þessum orðum hans. Stjórnlítil skuldasöfnun og óþolandí halli á viðskiptajöfnuði er orðinn fastur þáttur í efnahagslifi okkar. Gengisfellingar einar
 sér bjarga ~~en~~^{lithu} það ættum við að vera fyrir löngu búin að komast að raun um. Verðstöðvanir hljóta að verða að fylgja í kjölfarið svo og takmörkun innflutnings, sem er að ~~miklu~~^{of} leyti á óparfavörum. Við komumst ágætlega af með færri tegundir af kexi, upppvottalegi og morgunkorni. Gengisfellingar hafa fyrst og fremst verið framkvæmdar til að friða útflytjendur m.ö.o. landsbyggðafólk, en aðgerðir hafa ekki náð mikið lengra. Að örfáum vikum liðnum hefur allt verið komið í sama horf aftur, þar sem innflytjendur hafa einfaldlega hækkað vöru sína um það sem

gengisfellingunni nam - verðbólgan hefur aukist. Við þessar aðstæður er verra farið af stað en heima setið. Gengisfellingarnar hafa þá einkum leitt til þess að koma þeirri hugmynd á kreik að við séum þurfalingar - óalandi og óferjandi.

En það er nú einu sinni þannig að milliríkjaviðskipti eru að stórum hluta vöruskipti og einnig er það svo að við erum mjög háð innflutningi á mikilvægum vörutegundum og því erfitt að takmarka hann. Við verðum hins vegar að reyna að koma okkur saman um hvað er óþarfi og hvað ekki. Skattleggja síðan innflutning á óþarfa og skattleggja hann hátt.

Höfum jafnframt í huga að sköpun útflutningsverðmæta á sér f.o.f stað í sjávarplássunum og þaðan er skemmti í hráefnið, og án þeirra gætum við veitt okkur afar lítinn innflutning, án þeirra væri landið varla byggilegt. Því fyrr sem þessi staðreynd hættir að vera bara stafir á blaði - ^{oð verður} ~~heldur~~ viðurkennd í verkum - því betra.

Takk fyrir!

Skýrsla angans á Norðurlandi vestra.

þegar ég tok þáð að mér að koma saman og fylja skýrslu angans ófær að Norðurlandi vestra, fannst mér sem þá vori ekki mikil mál. Þá höfðum jú hittst annan sem slagið en ekki mikil annan gerst. Ekki var þá nái í hrein hvort mida ötti vit óanumt eða síðasta landsfund en við vóð að mita vit landsfundinn því ymsilegt ríffadist upp frá síðurhu mánuðum ársins 1987. Því er fyrst að nefna að i nóvember tókum við a líge húsnæði þáð að Sandáken sem við miðum til umríða og gengi ófær kleift að geyma að einum stað öll ófær gógn sem orðin eru þó nokkuð fyrirferðar mikil. Þá aðkvæðum stórk i upphafi að hittart þar að Langardögum eftir hóðagjó. Heilmikill líma fór i að mala og koma húsnæðina i sambandlegt lag því að stan þess var heldur bágboð þegar við tókum við því. Æn þarna er ágott að vera og hittart og lína eigin angans sem ekki tilheyrir pappisvinnum óspart með, en þá er kaffikenna sem við vorum svo raunverlegar að kaupa þegar komur, þaráttan stað sem hefsta. - Við bium í vísáttu miklu hjórdumi sem norð frí Siglufjörð til Bríðar í Hrafnaborgi og Samgöngur oft erfiðar, því vilja lengst kvenna í hjórduminni verda líði þó viljinn sé fyrri hendi. Til að nái einhveigum sambando við komur tókum við að þá ráð að fá til ófær pingkonur kl. líktans annan hvern mánuð og halda vel augljista og opna fundi i ymsum staðum í hjórduminni. Ekki er megt að segja að af rakaðurinn hafi verið mikill og komur þyrrst að til að starfa með ófær, en við teljum að sei augljósing

sem fundinið fá og það að við matum á stóðurin sé
þó föluverðus óvinningar.

Við heldum fyrsta fundins með Guðnirn Rgnarssöttar í
Síglafjörð og var hann mjög gður og liflegur og rædd vandrums
kvenna i líklið stóðunum bæði óvinnur og félagslegr sér.
Málfridur Sigurðar var með okkur á Blönduöri í nóvember og
Danfridur kom til okkur á Sandarströkk í janúar. Þó hvarna-
tanga komu svo þeir Kristin Hællðors og Danfridur í apríl.
Eins og ég segji ótan flyktust komur svo sem ekkið a'
persa fundi, en þeir voru okkur sem þykjumst vera að
stafa, gagnlegi og gifu góða mynd af stórfum þingkven-
ófum. Eins og frá Öðnum örnum móður fulltruaðr okkur
á Höðsþefnum á Hvammeyði síðastlið vor og eins stóður
við risamt anganum á Norðurl. eystra fyrri ráðsþefnu en
landlumad og landnýtingu í Fljóttum í Skagafjörði í júni
síðast líðnum. Ég del bæði persar ráðsþefnum hefð leikir
vel og heilmargt komið uitir þeiri óvinnunum
sem þar fór fram. Við höfum verið með í rímsfundunum
en efra hagrsmílin og Stjórnarmyndunar ráðsþefnum og
einn fulltruið fór á samráðsfundum á Flissavík í síðasta
mánuði, en það verður að segjast eins og er að of mikil
tumi fer i skipulagsmíl og eins landis meðta vinnan
á Nönnu komum, því við eruum svo fær sem eitt-
hvad stórfum að ríði. Ég vil verpa þeiri spurningu til
þekkar heið hvat þit þekktur eitt hvæt ~~er~~ að ríð til
þess að fá komur til staða annan en korningsar.
Meir býður í grun að aðstandið réi svipad í fleiri örnum
og tengsl milli og við sunna hlaða hjörðumanna réu

likil eða engin. Við á Norsurlandi vestra höfuðstæð
heugsad óþurð að halda því við í veites að fá til óþurð
þingkomauna ef þær vilja og geta komið. Eins eru hugmyndar
um opna funda f.d. um kvænnagudfröði svo og kvenna
skóla kvernalistans sem i vor Starfasi í Reykjavík í
fyrri vor. Við teljum að þannig fundar ~~sem~~ afmörkuð málfræði
þar sem "óllum konum á svæðinu ~~sem~~ bæði þátttaka sér
vel til þess fallnir að kynna starf Kvernalistans.

Eins og屹is angas tökum við þátt i sölu hoppstæða
en að meðfoddrum högvard voru konur ekki mjög slíglegar
að pranga þeim inn í folk svo afhakstum vor ekki mikil.
Um fjármálin alltað er ekki að fylgjast. Helstu útgjöld eru huva-
leiga svo og auslýsingar. Málfræðar umræður á langdagsfundum
ófkar hafa verið svona upp og ofan en við höfum þó reynt að
taka til umfjölleins þau málfræði sem óþurð hafa barist
og bedið umsagnar um. Faleira hefur mi ekki verið til tígint
i þessa rökjurðu enda er henni ekki oddat að fylla um
Voradarmálin en þáverðus þó að soga umnud hvort hei á lands-
fundli eða í öðrum setfangi. Let egs þessu hei með lokit.

Skýrsla norðurlandsanga eystri

Á síðastliðnu ári var framkvæmdanefndin á Húsavík. Það er ekki þar með sagt að við á Akureyri værum fríðar óllu starfi.

Þar eð engin er hér frá Húsavík greinum við Akureyrarkonur einar frá.

Nokkuð fyrir síðustu kosningar tókum við húsnæði á leigu í Gránufélagsgötu 4 og síðastliðið vor sögðum við því upp. Bæði var leiga há og eins fannst okkur við ekki nýta það nógu vel. Við höfum verið lélegar í fjárlun. Yfirlaitt lagt í pottiinn eftir aðstæðum og fjárhag hverrar og einnar. Þegar fáar starfa má segja að það þurfi nokkuð vel stæðar konur til að vera í pólitík.

Við höfðum opið hús í Gránufélagsgötunni tvo laugardaga í mánuði úmist með auglýstri dagskrá eða viðveru. Við tókum þar úmis mál fyrir meðal annars barnalög, lög um háskóla á Akureyri og fleira. Einnig höfðum við fundi í öðru húsnæði og tókum þar fyrir m.a. kvennaguðfræði og launakjör kvenna. Einnig prófuðum við að biðja konur utan Akureyrar að bjóða konum heim til sín og kom Málmfriður í þau heimboð og heyrðum áhugamál heimakvenna.

Fyrsta laugardag mánaðarins eru angafundir. Þeir eru til skiptis á Húsavík og Akureyri. Í fyrravetur hafði Málmfriður viðtalstíma á undan fundunum en svo einkennilega vildi til að þó ekki hafi komið hefðbundinn norðlenskur veturn undanfarin ár þá var Víkurskarðið oft illfært eða ófært þegar angafundirnir áttu að vera.

Í sumar höfðum í samvinnu við konur í Skagafirði ráðstefnu í Fljótum um landbúnað og landnýtingu. Sú ráðstefna var að mestu undirbúin í gegn um síma. Við sem unnum að undirbúningi vorum ánægðar með ráðstefnuna. Í kringum stjórnarslitin var stift fundað á Akureyri og var samráðsfundur allra anga haldinn á Húsavík.

Sunnudaginn 18. september hittust Akureyrarkonur að venju og var Málmfriður á fundinum. Hún hafði áhuga á að fá konur í umræður um efnahagsmál og var hringt til Húsavíkur og Dalvíkur og voru Húsavíkurkonur mættar á fund á Akureyri kl. 2 þrátt fyrir brjálað rok og að sögn ófært Víkurskarð.

Fyrir um hálfum mánuði síðan héldum við fund á Akureyri til undirbúnings landsfund. Ein lagði af stað úr Öxarfirði en vegna mikillar hálku gafst hún upp þegar hún var búin að missa bílinn út af einu sinni.

Af því má sjá að þegar mikið liggur við þá getum við úmislegt.

Í haust tókum við Akureyrarkonur við framkvæmdanefndinni og í ljósi þess skulum við horfa svolitið til framtíðarinnar.

Ráðgert er að hafa kvennaskóla eftir áramót. Verður það líklega í samstarfi við konurnar á Húsavík. Ekki er endanlega búið að skipuleggja skólann. Í ráði er að koma upp leshring um kvennaguðfræði og gaman væri líka að koma í gang leshring um bókmenntir.

Þær sem við höfum ekkert húsnæði lengur hittumst við heima hjá einni konunni kl. 10 á sunnudagsmorgnum en af Húsavíkurkonum er það að frétt að þær hittast á laugardagsmorgnum á Bakkanum og hafa gert það

en clausa: - 11

Þegar ég lít yfir árið sé ég að höfum við sitthvað brællað. Það má segja að við höfum prófað allt mögulegt með misjöfnum árangri.

Það hefði verit gaman að velta fyrir rét, hvemig hægt er að koma á vinum ut um allann anga. Vær til dækkurinn gaman að hafa augsafn (eina sinni) á Fjórhófinn eða einhver staður í N ríkjunni einsinni á velli. Þána veggir næfðarinni sínar - heildin. Hvaða hugmyndir hafi kanni við öðru ógum um rannstaf. Því fyrra kann hei fráum hugmyndar um rannstaf. Síðlega hafa fær aldrei kennist í þremur kvar. Ónnur var um rendifringmann eða gisti fringmann. Hann var um flæri nánar ófundaður. Síð tillega hefur síðlega stend að að speninga leyxi.

Kvennalistinn Austurlandsangi

-afrekaskrá-.

Kvennalistinn á Austurlandi nyrðra hefur lengi haft aðalsetur á Egilsstöðum. Ræður því staðsetning þorpsins í miðri sveit. Önnur miðstöð er á Höfn og nefnum við okkur stundum Egilsstaðaangalanga til aðgreiningar.

A skrá eru um 35 konur og hafa flestar starfað meira og minna morg undanfarin ár. Þær eru frá Vopnafirði, Egilsstöðum, Eiðum, Seyðisfirði og Neskaupstað. Með skrá er átt við símakeðjuna, sem sett er af stað þegar eitthvað stendur til. Nokkrar nýjar konur hafa nú óskað eftir að fá kvaðningu líka, en þó höfum við nokkrar áhyggjur af að við verkum stundum eins og lokaður klúbbur, þótt það sé síður en svo ætlunin.

Aðrar skrár eru ekki haldnar. Árgjald ákveðum við í sameiningu og verjum til auglýsinga, ferðakostnaðar o. fl. fyrir angann.

Starfsemi angans er mismikil eftir árstíðum. Þannig gerist heldur lítið yfir sumarið. Við hittumst þó mánaðarlega og vildum ekki án þess vera, þótt í ýmsu sé að snúast. Sömuleiðis hittumst við þegar eitthvað sérstakt er á döfinni.

A veturna hittumst við að morgni fyrsta laugardags í hverjum mánuði. Fram til þessa höfum við haldið morgunfundina í hótel Valaskjálf og fengið að valsa þar um sali að vild. A morgunfundum ræðum við landsins gagn og nauðsynjar bæði á formlegan og óformlegan hátt, oft í léttu spjalli en þó með stígandi þunga, allt eftir umræðuefninu. Þá leggjum við líka línumnar varðandi störf angans og verkefni af ýmsu tagi.

Jafnan þegar einhver úr hópnum hefur sött áhugaverða fundi, ráðstefnur eða námskeið er varða okkar málefni, fáum við skýrslu þar um, og líka höfum við borið við að fá konur utan hópsins til að segja ákveðnum málaflokkum svo sem neytendasamtökum. Erindi frá Kvennalistanum í Reykjavík eru borin upp og þau rædd eða afgreidd.

Skýrslukorn petta er gert eftir fundargerðum úr hótel Valaskjálf. Fundargerðirnar bera þess glögg merki, hvað ritrarar eru misjafnlega samviskusamir. Að fenginni reynslu höfum við nú ákveðið að hætta við lausu sneplana og fjárfesta í fundargerðabók sem jafnan skal vera á staðnum hvort sem ritari er þar mættur eða ekki. Þótt skriffinska

sé e.t.v. ekki okkar allra uppáhald, er það jafnvel meira atriði að við virðum okkar umræður hægilega mikið til að festa þær á blað, eins þegar engin formleg dagskrá liggur fyrir á fundum. Oft hefur nefnilega ekki verið skrifuð nein fundargerð af því að við vorum bara að spjalla um heima og geima.

Það kemur líka í hugann, að aldrei höfum við birt útdrátti úr fundargerðum eða sagt frá morgunfundunum eða öðru í héraðsblöðum og yfirleitt haft okkur lítið í frammi á fjölmíðlavettvangi. Því þarf að bæta og höfum við rætt þau mál undanfarið, að við höldum ekki okkar sjónarmiði nógu mikið á lofti útávið.

Hjá anganum starfar framkvæmdaneftnd sem í eru 3-4 konur og sitja þær um hálftrár ár hver. Framkvæmdaráð heldur utan um starfsemi angans, fer með fjármál, sækir póst og afgreiðir ýmis erindi, boðar á morgunfund og kallar saman á aukafundi eftir ástæðum. Þegar uppákomur eru í bígerð skipar ráðið í þartilgerðar nefndir og jafnar niður verkefnum. Framkvæmdaráð heldur fundi svo oft sem þurfa þykir.

Leshringur er starfandi á Egilsstöðum og hópur sem fjallar um landbúnaðarmál einnig. Saumaklúbbur með nýstærlegu sniði er að fara af stað. Þá má nefna félagsskapinn Frú Láru, hlutafélag kvenna um kaup og rekstur á kvennahúsi. Frú Lára er ekki á vegum Kvennalistans. Þó starfa margar konur í báðum samþökunum. Í Frú Láru hefur anginn haldið fundi og verður væntanlega um meiri samskipti að ræða.

Við héldum eins dags ráðstefnu um efnið Konur og völd í febrúar sl. Tæplega 30 konur söttu ráðstefnuna, þar af margar sem ekki mæta að jafnaði. Við fengum konur úr ólíkum starfsgreinum til að hafa framsögu og kom Kristín Einarsdóttir pá frá Reykjavík og sagði frá stærfi sínu innan um karlana á Alþingi. Einhverjir hefðu þá haft hugsun á að bjóða blaðamönnu á staðinn, en því gleymdu við eins og endranær.

Við höldum dagana 8. mars, 19. júní og 24. október hátíðlega með einhverju móti ár hvert, stundum í samvinnu við konur utan Kvennalistans. Á 8. mars höldum við stóra samkomu með skemmtiatriðum blönduðum hæfilegurmagni kvennaársöðurs og veitingum af besta tagi. Við auglýsum vel og rækilega og fáum konur af öllu tagi, ef svo má segja. Síðast buðum við útvärpsstjóranum á Egilsstöðum, sem er kona, og fengum þar af leiðandi inni í svæðisútvarpinu.

Allmargar konur að austan fóru á Kvennaráðstefnuna í Noregi í sumar. Við sem heima sáum höfum fengið að heyra undan og ofan af því ævintýri og eignum meira í vændum.

Fulltrúar frá okkur hafa setið ráðstefnur á Hvanneyri og í Skagafirði og ýmsa fundi í Reykjavík, svo sem afmælisfund Kvennalistans, fund um málefni Veru og fundi um stjórnarmyndunarviðræður.

I vetur langar okkur til að fá frá Reykjavík fyrirlesara um sögu og hugmyndafræði Kvennalistans og halda um það kvennaekþla, svipað og gert hefur verið syðra. Við ætlum að halda ræðunámskeið og fá Nordisk-Forum-konur til að segja okkur meira af ferðum sínum. Halda síðkjólaglöggveislu (þær sem ekki eiga síða kjóla einhverra hluta vegna munu mæta í síðu gardínunum sínum) og fara út að borða saman, svo nokkuð sé nefnt. Við munum reyna að ná til fleiri kvenna, hvernig sem við förum að því. Sjálfar skiljum við enganveginn, hversvegna konur opnast ekki sjálfkrafa fyrir "fagnaðarerindinu" í stórum flokkum.

Við höfum tekið á leigu húsnæði að Selási 10 á Egilsstöðum og flutt morgunfundina frá hótel Valaskjálf. Síma höfum við ekki ennpá.

Svo vill til, að í næsta herbergi er hárgreiðslustofa, þar sem koma margar konur. Má kannski segja að þar beri vel í veiði fyrir báða aðila.

Við væntum okkur gðös af vetrinum og nýja húsnæðinu og óskum þess eins að fleiri komi til liðs við okkur.

Hólmfríður Guðrúnardóttir

Þóður Reykjavíkuranga hefur oft gengið erfidlega.

Astæðan tilklega tvíþott:

- 1) Nöldugdin við samnötum um trennalista sem hefur höfuðstöðvar í Reykjavík gerit þau á verturnum að oft er erfitt að greina þar á milli - jafnvel þingkorut angangs hafa ekki vitnið að greinatímumur sé á þessu trennu.
- 2) Mikil orka fer í borgarmálaþarf, en borgarmálahópur fundar í sinni í viti. Konur sem sitja í mefðulum og þess hóttar um borgarmálin felja þau í mörkum tilfellið meira en nóg og líta þui ekki á starf innan langas sem takmark i sjálfi set.

Einnig má segja að rekslur Venu sé að mæstu mannaður konum í Reykjavíkuranga.

Framkvæmdamefni

Reykjavíkuranga hefur haft það bluttvert að skipuliggja félagsfundi og sjá um framkvæmd þeirra.

Fyrri part s.l. vetrar voru félagsfundir mánaðarlega á miðvikudagskvöldum.

eftir aðanót þótt framkvæmdan efni
stæða til at endurskoda þat fyrirkom-
lag, því meiting á fundins höldi ekki
nóggan alarinn.

Auveldit var at kenna vilja félvæma
og hafin wingingarkerfend þar sem kom-
vori spundar mers vegna þær mottu
ekki betur á fundina.

Svöðrin voru í jomsan veg. Margar
sögnust ekki ~~Ljósma~~^{komastinh i höpinu} sig nítur í Hótel V.
og ekki hafa fundit leid til at koma til
starfa - Margar höfdu meintleyg ekki
tíma til at mota á fundi og ~~hálfan~~
~~hálfan~~^{margar} óslis Lem at fundar
tíma á langar dögum, þar sem eittuval
fróflegt feri fram "ekki þetta sifelleda
þras" eins og þat var ordat.

Reftir þessa „könnun“ hrátt framkvæma
nefndin af stat móimskeidum eta öllu
heldur skóla, sem hlaut nagnið Kuemna-
skóli Kuemalistans.

þingrit voru fyrirtæles fyrirlesarar ein
ári Kvennalistaus og skólinn. auglýstur
i fréttabréfi og DV. Þ. Aðsókn var gót um
20 eðin síðlum allan hinum
og mikil drossja með framkvæmdina,
en kennit var á laugardögum frá
11 - 14 í sex vikur.

Reim og ádur sagði honum framkvæma
næfnd þessa af stað til at efta starf
angangs, en í ljós kom at stórs hefur
þáttakenda vor búsettur um Reykjavík
og hefur því lítið sést af nijum komu
i starfi angangs.

Skólanum lauk í þorðum júní og
efrir þat tök vid undanskilim. at Nordis
Forum. Þ. haust hefur verið haldinn
1 fél. fundur - reit um efnahagsmáí
os stofn. Hóumur vinnuhópar sem
skila áliði hei á landesfundi

Skýrsla Framkvæmdanefndar Reykjanessanga. 1988

Starfið hjá Reykjanessanga er komið í nokkuð fastar skorður. Við erum með lítið húsnæði á leigu við Austurgötu í Hafnarfirði sem við sjáum um að borga og halda við. Fundir eru haldnir nokkuð reglulega, einu sinni í mánuði. Fundasókn er nokkuð góð miðað við mikið annríki flestra og þó nokkrar vegalengdir innan Reykjaneskjördæmis. Oftast erum við 20 - 25.

Í Framkvæmdanefn eru 4-5 konur og koma þær saman einusinni til tvisvar í mánuði eftir því hvað um er að vera, ákveða næsta fundardag, efni hanns ofl. Framkvæmdanefndin sér um kaffi veitingar á fundum og eru þær með ýmsu móti allt frá Hnallþórum til kexpakka eftir því hvað við nennum í hvert skipti. Kaffið er borgað í kaffisjóð sem er svo notaður til þess að greiða niður ýmsan kostnað.

Við reynum að hafa einhvert ákveðið málefni á hverjum fundi sem að við teljum að Kvænnalistakonur hafi áhuga á að kynnast og höfum við fengið margar skemmtilegar konur til þess að fræða okkur bæði úr okkar röðum og utan. Á þessu ári kom Valgerður Bjarnadóttir og sagði okkur frá verkefninu "Brjótum múnanna" sem er samnorrænt verkefni og Sigrún Stefánsdóttir sagði frá könnun sinni á "Konur og fjölmöðlar". Var mjög skemmtilegt og gagnlegt að hlusta á þær báðar. Síðast en ekki síst þá hefur Kristín Halldórsdóttir þinkonan okkar komið á alla fundi sem hún mögulega getur komið á og æfinlega sagt okkur eitthvað sem gaman er að heyra.

Fjármál angans eru vel við unandi og eignum við núna í sjóði u.p.b. 30. þús. Við greiðum félagsgjald í tvennulagi sem er samtals 2.000. kr. með gíró, heimtur eru góðar. Flóamarkaður hefur verið haldin hvert ár og. sl. sumar skilaði hann okkur 50 þús. Voru það helst gömul föt og bækur sem við seldum á Lækjartorgi, voru það þær systur Guðrún og Ingibjörg Guðmunds sem báru mestan hita af þeirri framkvæmd.

Reykjaness anga tók að sér að sjá um 6 ára afmæli listans í mars og var það vel sótt skemmtun sem haldin var að Garðaholti í Garðabæ, komu þar bæði ungir og aldnir, karlar og konur, varð það reglulega vel heppnað.

Í júni var farin sólstöðuganga þar sem fjölskydurnar komu saman og gengið var í Búrfellsgjá sunnan við Hafnarfjörð.

Ný framkvæmdanefnd tók við af þeirri gömlu í haust en við höfum það fyrir reglu að engin þurfi að vera lengur en lög gera ráð fyrir og hefur tekist ágætlega að skipta út.

Ein kona úr Framkvæmdanefnd mætir á fundi Framkvæmdaráðs sem eru haldnir á Víkinni á fimmtudögum

Ekki má gleyma að minnast á Nordisk Forum, konur úr Reykjanesskáldum, sem tóku margar hverjar þátt í undirbúningi fyrir Noregsferðina enda fjölmennar þar, við ásamt Reykjavíkurkonum lögðum út í það ævintýri að mála á silkislæður sem átti að vera fjáröflunarleið vegna ráðstefnunar. Vinna þessi var bæði skemmtileg og fróðleg eins og svo margt sem við gerum sem Kvinnalistakonur.

Húsnæði það sem við leigjum verður að öllum líkendum selt á næstunni og verðum við þá e.t.v. að fara, það er álit okkar að við verðum að fá okkur strax húsnæði því að það skiptir miklu málum að hafa fastan samastað þar sem við getum hist.